

Starfsmenntaverðlaunin 2007 afhent

Starfsmenntun mikilvæg fyrir atvinnulífið

Starfsmenntaverðlaun Starfsmenntaráðs og Menntar voru afhent í dag, föstudaginn 23. nóvember. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Starfsmenntaverðlaunin. Í ár hlutu öflug fyrirtæki og skólar tilnefningu og var val dómnefndar mjög erfitt.

Vinningshafar voru:

- Í flokki fyrirtækja og félagasamtaka:
 - **Icelandair** fyrir öfluga þjálfun og símenntun starfsmanna sinna
 - Í flokki skóla og fræðsluaðila:
 - **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum** fyrir frumkvöðlastarf í fullorðinsfræðslu hér á landi.
- Í opnum flokki:
- **Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir**, fyrrv. 1. varaformaður Eflingar – stéttarfélagis fyrir fagmannlegt og framsækið starf í starfsmenntamálum.

Meðfylgjandi er kynning á vinningshöfum og starfi því sem þeir voru verðlaunaðir fyrir.

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim sem þykja vinna framúrskarandi starf í starfsmenntun, hvort sem um er að ræða skóla, samtök, frumkvöðla eða fyrirtæki sem sinna vel fræðslumálum starfsmanna sinna. Verðlaunin eru jafnan veitt í þremur flokkum:

- Fyrirtæki og félagasamtök
- Skólar og fræðsluaðilar
- Opinn flokkur (tekur til frumkvöðla, einstakra verkefna, ofl. sem ástæða þykir að veita athygli og viðurkenna)

Nánari upplýsingar: **Margrét Kr. Gunnarsdóttir**, starfsmaður Starfsmenntaráðs. **849 1687**

Sjá nánar um verðlaunin og verðlaunahafa fyrri ára á vefsíðu Starfsmenntaráðs:

www.starfsmenntarad.is þar sem farið er í tengil beint á logo Starfsmenntaverðlaunanna efst á síðunni.

Margrét Kr. Gunnarsdóttir
Starfsmenntaráði
margret.gunnarsdottir@vmst.is